



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun

**Borgartúni 21
105 Reykjavík**

Selfossi, 7. apríl 2026
2603093HS RS

Efni: Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið - umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 11. mars sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar færslu á Biskupstungnabraut um Geysissvæðið í Bláskógabyggð.

Fyrirhugað er að færa Biskupstungnabraut á 5 km kafla þannig að vegurinn muni liggja framhjá Geysissvæðinu í stað þess að liggja í gegnum það. Markmið framkvæmdanna er að auka öryggi allra vegfarenda og tryggja greiðari samgöngur á svæðinu. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er sunnan við núverandi veg, í allt að 1,5 km fjarlægð, og hefst í grennd við heimreið að Árgili og endar í landi Kjóastaða skammt vestan tengingar við Skeiða- og Hrunamannaveg (30). Til að hægt verði að loka á gegnumstreymisumferð um verslunar- og þjónustusvæðið við Geysi verður einnig að breyta Haukadalsvegi (333) á um 750 m kafla. Ný brú yfir Tungufljót verður 61 m að lengd með 42 m vatnsopi, en gert er ráð fyrir að rofverja bakka við endastöpla brúarinnar. Gert er ráð fyrir að takmarka stærð og rask framkvæmdasvæðis eins og unnt er þar sem nýr vegur mun liggja í gegnum verndarsvæði.

Áætluð efnisþörf framkvæmdarinnar er rúmlega 152.000 m³, þar sem áætlað er að 134.000 m³ komi úr námum og restin úr skeringum. Ekki er búið að ákveða hvaða námur verða notaðar, en 18 efnistökusvæði hafa verið skoðuð og eru öll nema eitt á aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir aðstöðu verktaka við brúarstæði, en ekki er ljóst hvort reistar verða vinnubúðir á svæðinu.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfisþættina *mannlíf, útivist og ferðamennska; heilsa og öryggi; landnotkun; verndarsvæði; landslag og ásýnd; jarðmyndanir; vistgerðir og gróðurfar; fuglar og spendýr; lífríki straumvatna og vatnshlot; fornleifar og veður og náttúruvæðing*. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru



áhrif framkvæmdarinnar talin neikvæð á *mannlíf, útivist og ferðamennsku* á framkvæmdatíma en jákvæð að þeim loknum, jákvæð áhrif á *heilsu og öryggi*, óveruleg áhrif á *landnotkun; verndarsvæði; landslag og ásýnd; jarðmyndanir; lífríki straumvatna og vatnshlot og fornleifar*, hverfandi áhrif á *veður og náttúruvá* og óviss áhrif á *vistgerðir og gróðurfar og fugla og spendýr*.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótþægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágreinni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir efnisnámi og steinmölun skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun

Pórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. apríl 2026

Málsnúmer: 202603-0025

IAS/RTh/BK

Efni: Biskupstungnabraut, um Geysissvæðið. Matsskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Húsnæðis- mannvirkja og skipulagsstofnunar frá 11. mars 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu Biskupstungnabrautar um Geysissvæðið.

Vegagerðin undirbýr endurbætur á Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið og Tungufljót í Bláskógarbyggð. Vegurinn er hluti af Gullna hringnum sem er vinsæl ferðamannaleið. Núverandi vegur er 5,0 km langur frá upphafi að enda nýrrar veglínu. Hann er stofnvegur og er samkvæmt vegaskrá af vegtegund C₈. Vegurinn liggur fram hjá Geysi í Haukadal, þar sem umferð gangandi og akandi blandast og aðstæður eru hættulegar. Einnig liggur hann um einbreiða brú á Tungufljóti. Núverandi vegur er með klæðningu og er 6,5-7,6 m breiður, nema um Tungufljót þar sem brúin er 4,5 m breið.

Fyrirhugað er að leggja nýjan 9 m breiðan veg sem liggur utan Geysissvæðisins, til að létt á svæðinu þar, og byggja nýja tvíbreiða brú yfir Tungufljót sem er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að fækka einbreiðum brúm á stofnvegum. Brúin á Tungufljóti er sú einbreiða brú sem hefur mesta umferð á landinu. Nýr vegur verður 5,1 km langur, af vegtegund C₉.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er við Geysissvæðið sem er friðlýst sem náttúruvætti, það er innan mikilvæga fuglasvæðisins Suðurlandsundirlendi, það fer um lítt raskað votlendi sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013), og það er á svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjasrár.

Á bls. 58 er vísað í niðurstöður rannsóknar [Jóhannesdóttur](#) o.fl. (2014): "Þúfuttlingur var frá 275 – 640 pör á km² sem er mun hærra en hér var mælt." Athuga ber að niðurstöður í umræddri grein eru settar fram í fjölda fugla, ekki para. Hér væri líka hægt að bera saman niðurstöður athugana við meðalþéttleika varppara í mismunandi vistlendum eins og þær eru settar fram í fjölrítnu Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi (https://utgafa.natt.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf).

Fækkun hefur átt sér stað hjá vaðfuglum undanfarin ár og hefur hún verið sérstaklega hröð á Suðurlandi.[1] Í ljósi fækkunar eru nú fimm af algengustu tegundum vaðfugla hérlendis metnar vera í *nokkurri hættu* (VU) á válista fugla. Því skiptir miklu máli að við hvers kyns uppbyggingu sé leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum á vaðfugla. Í umfjöllun um fugla er vísað í válista Náttúrufræðistofnunar frá 2018. Náttúrufræðistofnun bendir á að uppfærðan válista fugla má nálgast [hér](#).

Ósamræmi er í umfjöllum um veglínur í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar og erfitt er að átta sig á mismunandi valkostum veglína. Annars vegar er fjallað um valkosti veglína A, B, C, D sem sýndir eru á mynd 5. Í þeirri umfjöllun er ráðgert að Vegagerðin líti á veglínu B sem aðalvalkost (bls. 9 í



Kynningarskýrslu). Valkostur D er almennt ekki tiltekinn nema á mynd 5 og ekkert er fjallað um gróður, fugla og dýralíf fyrir valkost D og því er ekki hægt að bera þann valkost saman við aðra valkosti. Aftar í kynningarskýrslu (kaflí 3.1) er fjalla um að aðallega hafi verið skoðaðar þrjár útfærslur, veglína 314, veglína 317 og skipulagslínu (sbr. mynd 18) og aðalvalkostur sé að fylgja skipulagslínu vestan Tungufljóts og einnig að mestu austan Tungufljóts með smá tilfæringum en þar liggur veglína 317 mjög nálægt skipulagslínu (myndir 7, 15, 26).

Rök fyrir að fara ekki veglínur 314 og 317 vestan Tungufljóts er nálægð við mýrahveravist rétt austan við Beiná en þar óx laugadepla sem er friðuð og er á válista og einnig blöðrujurt sem er fremur sjaldgæf vatnajurt (Sigurlaug Sigurðardóttir og Arnór Þ. Sigfússon 2024). Eins og valkostir veglína A, B og C eru sýndar á mynd 5 þá eru þær allar álíka langt frá mýrahveravistinni. Hins vegar ef horft er á mynd 18 þá stemmir það að veglínur 314 og 317 eru mjög nærri mýrahveravistinni.

Í framkvæmdalýsingu, kafla 3.2.1, kemur fram að síðar verði mögulega ráðist í gerð nýrrar tengingar milli Biskupstungnabrautar og Geysissvæðisins, að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að fjalla betur um þennan möguleika. Þá hefur í eitthvað skolast til síðar í sama kafla þegar minnst er á Brúarár þar sem fjallað er um tengingar við núverandi veg: „Ný tenging við núverandi veg vestan Brúarár verður af vegtegund C8 og tenging við núverandi veg austan Brúarár verður af vegtegund C7. Gert er ráð fyrir að þegar kemur að því að gera hringtorg á Biskupstungnabraut verði ný tenging að Geysissvæðinu af vegtegund C8. Færsla á Haukadalsvegi (333) yrði af vegtegund C7.“

Núllkostur væri lang æskilegastur út frá náttúruverndarsjónarmiði þar sem þá er ekki verið að taka nýtt óraskað svæði undir veg. Skoða ætti frekari útfærslur á núllkosti, t.d. undirgöng eða göngubrýr yfir Biskupstungnabraut.

Þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru við friðlýst náttúruvætti og munu raska og liggja í jaðri eins stærsta samfellda óraskaða votlendis á Suðurlandi sem jafnframt nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, og er á náttúruminjaskrá þá telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdin ætti að fara í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

[1] Pálsdóttir, A. E., Þórisson, B., & Gunnarsson, T. G. (2025). Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, 1-13.

Húsnæðis- mannvirkja og skipulagsstofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Málsnr. 2026-03-0196
Selfossi 1. apríl 2026

Efni: Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda vegna vegagerðar um Geysissvæðið

Vísað er til erindis Húsnæðis- mannvirkja og skipulagsstofnunar dags. 11. mars 2026, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um það hvort framkvæmdir vegna vegagerðar á Biskupstungnabraut og um Geysissvæðið skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

Hafrannsóknastofnun hefur kynnt sér erindið og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir tilhögun framkvæmda og efnistöku henni tengdri. Hafrannsóknastofnun hefur greint frá mati sínu á mögulegum áhrifum vegagerðar og efnistöku á lífríki í vatni í sérstakri skýrslu¹. Þar kom m.a. fram að það væri mat Hafrannsóknastofnunar að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér miklar breytingar á viðkomandi vatnshlotum og að framkvæmdin muni hafa áhrif á lífríki vatnsfalla en þau yrðu staðbundin og tímabundin meðan á framkvæmdum stæði.

Það er álit Hafrannsóknastofnunar að ekki sé þörf á því að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Benóný Jónsson

¹ Magnús Jóhannsson (2024). Vegagerð um Geysissvæðið. Áhrif á lífríki í vatni. KV 2023-04: 12 bls.

Vegna: Máls nr. 0274/2026, Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Umsögn Fiskistofu 27. apríl 2026

„Fiskistofa bendir á að framkvæmdir eins og gert er ráð fyrir, eru háðar leyfi Fiskistofu en um það gildir 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sækja má um leyfi með rafrænum hætti á vefsíðu Fiskistofu og skila þarf umsögn sérfræðings um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið og umsögn veiðifélags.“

Hera Katrín Aradóttir, sérfræðingur

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sent inn þann: 27.04.2026 , **Fyrir hönd:** Fiskistofa

Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

15. apríl 2026
202603-0047/A.B.

Efni: Umsögn - Matskyldufyrirspurn - Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið - Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun.

Vísað er til erindis Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnunar er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um ofangreinda matskyldufyrirspurn.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felur í sér færslu Biskupstungnabrautar (35) frá Geysissvæðinu þannig að umferð fari framhjá svæðinu í stað þess að liggja í gegnum það. Verkefnið felur einnig í sér byggingu nýrrar brúar á Tungufljót og tilheyrandi vegtengingar. Framkvæmdasvæðið er í Bláskógabyggð, í grennd við Geysi í Haukadal, og nær yfir um 5 km langan vegkafla sem liggur um nokkrar landareignir. Veghelgunarsvæði er allt að 60 m breitt og framkvæmdasvæðið getur orðið 20–60 m breitt eftir legu vegarins.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin krefjist verulegrar efnistöku, alls um 152.000 m³, þar sem efni verður nýtt í fyllingar, burðarlag, malbik og mannvirki, en ekki liggur fyrir á þessu stigi hvaða námur verða nýttar.

Helstu markmið framkvæmdarinnar eru að auka umferðaröryggi, bæta samgöngur og draga úr álagi á Geysissvæðið.

Í greinargerð kemur jafnframt fram að framkvæmdin geti haft áhrif á fjölbreytta umhverfispætti, m.a. landslag, vistgerðir, fuglalíf, verndarsvæði, vatnshlot og jarðmyndanir. Vegagerðin telur þó að áhrif framkvæmdarinnar verði ekki veruleg, að öðru leyti en jákvæð áhrif á umferðaröryggi og samgöngur.

Geysir

Náttúruverndarstofnun telur það jákvætt að með fyrirhugaðri framkvæmd sé gert ráð fyrir að færa núverandi vegstæði frá þjónustusvæði Geysis. Geysissvæðið er eitt fjölsóttasta ferðamannasvæði landsins.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er það verulegur ávinningur að draga úr gegnumakstri um svæðið og aðskilja þannig umferð ökutækja frá gangandi vegfarendum. Slíkt fyrirkomulag er líklegt til að bæta umferðaröryggi til muna, draga úr hættu á slysum og bæta upplifun gesta á svæðinu.

Jafnframt er jákvætt að færsla vegarins geti stuðlað að því að draga úr álagi á hið friðlýsta svæði og skapa betri aðstæður til verndar og stýringar umferðar innan þess.

Heildarmynd

Náttúruverndarstofnun telur nauðsynlegt að skipulag um framtíðaraðgengi að Geysissvæðinu verði tekið til heildstæðrar skoðunar sem hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er umfjöllunin þó að mestu bundin við einstaka þætti framkvæmdarinnar og skortir heildstæða sýn á hvernig aðgengi bílaumferðar frá nýjum þjóðvegi að svæðinu verði háttáð til framtíðar og umhverfismati vegna þessa.

Slík nálgun er forsenda þess að unnt sé að leggja raunhæft mat á áhrif framkvæmdarinnar.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd liggur um svæði á náttúruminjaskrá, sem aðrar náttúruminjar, Haukadal og Almenning (nr. 737) . Svæðinu er lýst sem svæði með áhugaverðar jarðmyndanir, m.a. líparít í Laugarfelli og gamalt hverasvæði í Hvítamel. Almenningar er ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi.

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæði á náttúruminjaskrá endurspeglar náttúruminjar sem taldar eru hafa sérstakt verndargildi á landsvísi. Því er mikilvægt að áhrif framkvæmda á slík svæði séu metin með heildstæðum hætti, þar sem tekið er tillit til allra þátta verndargildis þeirra og mögulegra samlegðaráhrifa.

Í greinargerð segir að fyrirhuguð framkvæmd raskar Almenningi sem er eitt af fáum ósnortnum mýrasvæðum á Suðurlandi. Náttúruverndarstofnun telur að leggja þjóðveg yfir svæði muni það hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Sérstaka verndin

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdarsvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun áréttar að fyrirhuguð uppbygging mannvirkja réttlætir ekki sjálfkrafa röskun á votlendi sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Þó að uppbygging samgöngumannvirkja geti vissulega þjónað brýnum almannahagsmunum, segir ákvæði 61. gr. að slík framkvæmd sé heimiluð nema sýnt sé fram á að engin valkostir sé fyrir hendi án röskunar.

Við skipulags- og leyfisveitingar ber því ávallt að gera ítarlega valkostagreiningu og rökstyðja sérstaklega hvers vegna ekki sé unnt að komast hjá röskun.

Jafnframt þarf leyfisveitandi að leggja fram haldbæran rökstuðning fyrir því að hagsmunirnir af framkvæmdinni séu bæði brýnir og almennir og vegi þyngra en þau náttúruverðmæti sem í húfi eru.

Fram kemur í rannsókn Verkís að veglagning muni valda beinu raski á votlendi og vistgerðir sem lenda undir vegstæði, en jafnframt óbeinum áhrifum á votlendi vegna breytinga á vatnsstöðu og vatnsflæði . Verkís leggur áherslu á að slík óbein áhrif séu óviss og geti náð út fyrir beint framkvæmdasvæði.

Í skýrslunni er metið að umfang óbeins rasks á votlendi geti verið verulegt, meðal annars vegna breytinga á vatnsflæði.

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun framkvæmdin hafa neikvæð áhrif á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar.

Framkvæmdarleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Tillaga að B- hluta

Í greinargerð kemur fram að Almennitur sé á B-hluta náttúruminjaskrár. Náttúruverndarstofnun bendir á að hið rétta er að Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að svæðið fari á B-hluta náttúruminjaskrár og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind, forsendur fyrir vali, helstu ógnir og aðgerðir til verndar.¹

Tillaga umhverfis-, orku- og umhverfisráðherra að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár var lögð fram til kynningar þann 21. febrúar 2024 með auglýsingu í Lögbirtingarblaði skv. 2. mgr. 36. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 of var Almennitur (við Geysi) eitt þeirra svæða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar og rannsóknir fyrir ofangreint svæði til sem forsendur við gerð umhverfismats, þegar áhrif á helstu umhverfispætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Vistgerðir og fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum

¹ <https://ust.is/nattura/framkvaemdaaetlun-natturuminjaskrar/almennitur-vid-geysi/>

dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar sem framkvæmdasvæðið er mikilvægt búsvæði margra mófugla er mikilvægt að halda framkvæmdum, ef af þeim verður, í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendir á góða samantekt forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.²

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdasvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar³ sem nefnist Suðurlandsundirlendi. Talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfuttittlings.⁴ Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt t.d.) gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.⁵ Náttúruverndarstofnun bendir á margar mófuglategundir eru ábyrgðartegundir Íslands⁶ þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofni þeirra verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir munu valda búsvæðatapi fugla sem samsvarar vegstæði vegarins, sem sé fremur umfangslítið. Náttúruverndarstofnun vill benda á íslenskar rannsóknir, sem voru m.a. unnar fyrir Vegagerðina^{7,8}, á áhrifum vega og umferðar á fuglalíf. Þær benda til þess að mófuglategundir nýta sér síður búsvæði nálægt vegum en fjarri þeim þar sem þéttleiki þeirra er um 20% lægri innan 200 metra frá vegum en utan þess svæðis⁹. Því er mikilvægt að meta legu vegarins m.t.t. þess að koma í veg fyrir útbreidd jaðaráhrif hans með því að brjóta búsvæði fuglanna mikið upp. Með því að hafa vegstæðið í jaðri ákjósanlegs búsvæðis má lágmarka jaðaráhrifin.

Framkvæmdaraðili metur að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði nokkuð neikvæð og tekur stofnunin undir það.

Náttúruverndarstofnun bendir á að hávaði frá umferð, orkuvinnslu og öðrum mannvirkjum getur haft áhrif á fuglalíf með því að trufla hegðun, fæla fugla frá búsvæðum og hafa áhrif á varp og fæðunám. Slík áhrif geta dregið úr gæðum búsvæða jafnvel án beins landrasks.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að meta áhrif hljóðvistar á fuglalíf við skipulag og framkvæmdir og, eftir því sem við á, grípa til mótvægisáðgerða, svo sem með staðarvali, takmörkunum á framkvæmdum á varptíma og vöktun á áhrifum.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

² Tómas Grétar Gunnarsson, 7. maí 2025. Að taka tillit til mófugla á varptíma, þoka. Sótt 28. ágúst

³ Náttúrufræðistofnun – Vistgerðarkort

⁴ Páldóttir, A.E., Þórisson, B. og Gunnarsson, T.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, p. 1-13.

⁵ Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi – Mófuglar

⁶ Náttúrufræðistofnun – Forgangstegundir fugla

⁷ Þórisson, B., Páldóttir, A.E. og Gunnarsson, T.G., 2020. Áhrif vega á þéttleika fugla. *Vegagerðin*.

⁸ Þórisson, B., Páldóttir, A.E. og Gunnarsson, T.G., 2019. Áhrif umferðar á fuglalíf. *Vegagerðin*.

⁹ Páldóttir, A.E., Gill, J.A., Alves, J.A., Pálsson, S., Méndez, V., Þórisson, B. and Gunnarsson, T.G. 2025. Effect of low-traffic roads on abundance of ground-nesting birds in sub-Arctic habitats. *Journal of Avian Biology*, 2025(6), p.e03572.

Landslag

Fyrirhugað framkvæmdasvæði einkennist af opnu landslagi þar sem saman fara votlendi, tún, sveitabær og frístundabyggð, auk fjölbreytts fuglalífs. Landslagið ber með sér tiltölulega lítið rask og hefur samfellda ásjúnd sem mótast af náttúrulegum þáttum og hefðbundinni landnotkun.

Að mati Náttúruverndarstofnunar felur fyrirhugað veglagning í sér verulega breytingu á þessu landslagi, þar sem um er að ræða umfangsmikið mannvirki sem mun liggja þvert í gegnum svæðið og rjúfa heild þess.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skuli við skipulag og framkvæmdir taka tillit til verndargildis landslags og forðast að raska því að óþörfu. Í því felst að meta þarf heildstætt áhrif framkvæmda á landslagsheildir og sérkenni þeirra.

Með hliðsjón af viðkvæmni svæðisins og því að um er að ræða landslag sem er lítt raskað með náttúrulegum og menningarlegum einkennum telur Náttúruverndarstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði neikvæð. Sérstaklega er lítið til þess að framkvæmdin mun breyta ásjúnd svæðisins til frambúðar.

Niðurstaða

Með hliðsjón af eðli framkvæmdarinnar, þar sem um er að ræða umfangsmikla veglagningu sem felur í sér verulegt rask á landi, jarðvegi og vistkerfum, telur Náttúruverndarstofnun ljóst að framkvæmdin hefur áhrif á fjölmarga umhverfispætti. Þá er jafnframt um að ræða framkvæmd sem getur haft samlegðaráhrif með annarri uppbyggingu og leitt til aukins ónæðis og mögulegrar mengunar á svæðinu.

Framkvæmdin er staðsett á viðkvæmu og tiltölulega óröskuðu svæði þar sem landnotkun einkennist af landslagi með votlendi, túnum og búsetu, auk þess sem þar eru verðmætar náttúruauðlindir.

Innan áhrifasvæðis eru jafnframt svæði sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, svæði sem er á tillögu að B- hluta og svæði á náttúruminjaskrá, auk þess sem líta ber til alþjóðlegra verndarskuldbindinga, m.a. vegna vistgerða og fuglalífs.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Skúli Þórðarson
verkefnastjóri

Vegna: Máls nr. 0274/2026, Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Sett inn f.h. UTU - EMB

Afgreiðsla sveitarstjórnar Bláskógabyggðar dags. 1.4.2026:

Lögð er fram til umsagnar fyrirhugaða vega- og brúarframkvæmd á rúmlega 5 km löngum kafla Biskupstungnabrautar (35) í Bláskógabyggð. Um er að ræða færslu Biskupstungnabrautar (35) frá Geysissvæðinu, þannig að umferðin fari fram hjá svæðinu í stað þess að liggja í gegnum það. Í tengslum við færslu vegarins þarf að byggja nýja brú á Tungufljót.

Sjá 24. lið á dagskrá fundar sveitarstjórnar.

Erindið var lagt fram.

Þar er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um tilkynningu Vegagerðarinnar til ákvörðunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar vega- og brúarframkvæmdar á rúmlega 5 km löngum kafla

Biskupstungnabrautar (35) í Bláskógabyggð. Um er að ræða færslu Biskupstungnabrautar (35) frá Geysissvæðinu, þannig að umferðin fari fram hjá svæðinu í stað þess að liggja í gegnum það. Í tengslum við færslu vegarins þarf að byggja nýja brú á Tungufljót.

Fyrirhugað er að leggja nýjan 9 m breiðan veg sem liggur utan Geysissvæðisins, til að létta á svæðinu þar, og byggja nýja tvíbreiða brú yfir Tungufljót sem er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að fækka einbreiðum brúm á stofnvegum. Brúin á Tungufljóti er sú einbreiða brú sem hefur mesta umferð á landinu. Nýr vegur verður 5,1 km langur, af vegtegund C9.

Áætluð efnisþörf framkvæmdarinnar er rúmlega 152 þúsund m³. Þar af koma tæplega 18 þúsund m³ úr skeringum og rúmlega 134 þúsund m³ úr námum. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvaða námur verða nýttar en þær sem eru til skoðunar eru allar nema ein á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum í ítarlegri kynningarskýrslu sem liggur frammi. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur ekki að framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat.

Það leyfi sem framkvæmdin er háð, og heyrir undir sveitarstjórn Bláskógabyggðar, er framkvæmdaleyfi.

Höfundur: Ellisif Malmo Bjarnadóttir

Sent inn þann: 01.04.2026 , **Fyrir hönd:** Bláskógabyggð



HMS svið skipulags og umhverfismats
Borgartúni 21, 105 Reykjavík.
Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.
Hafnarstræti 107, 600 Akureyri.
sent á skipulag@hms.is

Selfossi, 13. apríl 2026

**Mál: Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið, tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.
Tilkynning um framkvæmd, mnr. 274/2026**

Undirritaður hefur kynnt sér málið, frestur var til 8. apríl sl. *Land og skógur* tók í ársbyrjun 2024 við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Umsögn þessi er byggð á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Undirritaður leyfir sér að efast um að „[s]tór hluti athugunarsvæðisins, vestan Tungufljóts, ber[i] greinileg einkenni aflagðs ræktarlands“, nema þá í þeim skilningi að þar hafi verið slægjur, svo sem sagt er í örnefnalýsingu fyrir Haukadal. Eldri loftmyndir eða aðrar heimildir bera ekki með sér að nein tún hafi verið á svæðinu (Laugartungu, Eyju eða Almennungi) nema tvær skákir milli skurða í Eyju og líklega eitt stykki allstórt í Laugartungu þar sem skemmst er milli Laugar og Beinár. Hins vegar hafa verið grafnir skurðir víðar, þó að skurðir þurfi ekki að benda til ræktunar í sjálfu sér.

Skurðirnir gera það að verkum að votlendið kringum þá getur varla talist óraskað, og þannig má sjá að fyrirhuguð veglína fer ekki verulega inn á óraskað votlendi (nema í tungunni milli Almenningsár og Tungufljóts, þ.e. Almennungi). Ekki er dregið úr því í skýrslunni að votlendi er mjög víða á svæðinu, enda skurðirnir gamlir.

Ástæða er til að benda á að veglína milli Almenningsár og Tungufljóts fer á nokkuð stórum kafla yfir samfelld óraskað votlendi (sbr. bls. 50-51 í samantektarskýrslunni). Fellur það votlendi undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Um þetta er fjallað í skýrslunni.

Tekið er fram í kynningarskýrslu að samráð verði haft við Land og skóg um endurheimt votlendis í stað þess sem raskast, og einnig um uppgræðslu.

Undirritaður telur að í skýrslunni sé vel gerð grein fyrir framkvæmdinni og þeim umhverfisáhrifum af henni, sem eru á viðfangssviði stofnunarinnar (Lands og skógs).

Áætlaðar mótvægisáðgerðir mega teljast verða fullnægjandi þegar þar að kemur, enda í samráði við stofnunina. Stofnunin bendir þó á, að ávallt skuli reyna að komast hjá raski á óröskuðu votlendi, og að endurheimt votlendis vegur trauðla upp neikvæð áhrif af raski á óröskuðu votlendi. Stofnunin hvetur því framkvæmdaraðila til að haga veglínu þannig að sem allra minnst af óröskuðu votlendi fari undir veg og eins að vegur þveri sem minnst af samfelldu óröskuðu votlendi.

Að öllu ofansögðu er það niðurstaða undirritaðs að stofnunin telji nægjanlega grein gerða fyrir framkvæmdinni, og einnig umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum sem snúa að Landi og skógi. Undirritaður telur ekkert sem snýr að fagsviðum stofnunarinnar beinlínis kalla á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurdsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 570-5550

Vegna: Máls nr. 0274/2026, Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 407. fundi sem haldinn var 01.04.2026 er eftirfarandi:

Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu Biskupstungnabraut um Geysissvæðið - 2603059

Erindi af Skipulagsgáttinni, dags. 11.03.2026, þar sem Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun óskar eftir umsögn við eftirfarandi mál í Skipulagsgátt: Biskupstungnabraut (35-08) um Geysissvæðið, nr. 0274/2026: Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu) Kynningartími er frá 11.3.2026 til 8.4.2026.

Erindið var lagt fram. Þar er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um tilkynningu Vegagerðarinnar til ákvörðunar um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar vega- og brúarframkvæmdar á rúmlega 5 km löngum kafla Biskupstungnabrautar (35) í Bláskógabyggð. Um er að ræða færslu Biskupstungnabrautar (35) frá Geysissvæðinu, þannig að umferðin fari fram hjá svæðinu í stað þess að liggja í gegnum það. Í tengslum við færslu vegarins þarf að byggja nýja brú á Tungufljót. Fyrirhugað er að leggja nýjan 9 m breiðan veg sem liggur utan Geysissvæðisins, til að léttu á svæðinu þar, og byggja nýja tvíbreiða brú yfir Tungufljót sem er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að fækka einbreiðum brúm á stofnvegum. Brúin á Tungufljóti er sú einbreiða brú sem hefur mesta umferð á landinu. Nýr vegur verður 5,1 km langur, af vegtegund C9. Áætluð efnisþörf framkvæmdarinnar er rúmlega 152 þúsund m³. Þar af koma tæplega 18 þúsund m³ úr skeringum og rúmlega 134 þúsund m³ úr námum. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvaða námur verða nýttar en þær sem eru til skoðunar eru allar nema ein á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur að nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum í ítarlegri kynningarskýrslu sem liggur frammi. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur ekki að framkvæmdin þurfi að fara í umhverfismat. Það leyfi sem framkvæmdin er háð, og heyrir undir sveitarstjórn Bláskógabyggðar, er framkvæmdaleyfi.

Höfundur: Ásta Stefánsdóttir

Sent inn þann: 08.04.2026 , **Fyrir hönd:** Bláskógabyggð